



## Fundargerð

### 10. fundur menningar- og atvinnuráðs Reykjaneshæjar, haldinn

í Hljómahöll, 3. júní 2020, kl. 08:30

#### Viðstaddir:

Friðjón Einarsson formaður, Arnar Páll Guðmundsson, Eydís Hentze Pétursdóttir, Sigrún Inga Ævarsdóttir, Trausti Arngrímsson, Þórdís Ósk Helgadóttir forstöðumaður Súlunnar og Hrefna Höskuldsdóttir ritari.

\* \* \*

#### **1. Viðbrögð við efnahagslegum áhrifum/auknu atvinnuleysi vegna Covid 19 (2020040083)**

Á fundinn mætti Sigurgestur Guðlaugsson verkefnastjóri viðskiptapróunar sem fór yfir helstu verkefni í tengslum við Covid 19, um er að ræða 350 - 400 ný sumarstörf í sveitarfélaginu sem er gríðarleg fjölgun frá síðasta ári.

Á fundinn mætti Gunnar Víðir Þrastarson verkefnastjóri markaðsmála og kynnti markaðsáætlun sumarsins.

Á fundinn mætti Hrafnhildur Ýr Hafsteinsdóttir verkefnastjóri ferðamála sem fór yfir stöðu ferðaþjónustunnar í kjölfar Covid 19 og framtíðarhorfur. Einnig var farið yfir áherslur á ferðasýningunni Vestnorden 2020.

#### **2. Umhverfisstefna Reykjaneshæjar (2020021391)**

Ráðið er sammála helstu áherslum í drögunum en óskar eftir að tekið verði tillit til eftirfarandi:

- Sjálfbær ferðaþjónusta með tilliti til náttúruverndar og umgengni.
- Átak verði gert í merkingum og skiltagerð á vegum sveitarfélagsins og fyrirtækja. Leggja þarf áherslu á vörumerkið Reykjaneshæjar.

#### **3. Menningarstefna Reykjaneshæjar (2019051729)**

Ráðið samþykkir að halda áfram vinnu við menningarstefnu Reykjaneshæjar.

#### **4. Barnamenningarhátíð 2020**

Vegna samkomubanns og skerðinga á skólastarfi var ekki hægt að halda hátíðina með því fyrirkomulagi sem tíðkast hefur. Sú leið var farin að skrásetja með myndböndum þá vinnu sem þegar hafði átt sér stað í leik-, grunn- og Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Myndböndin voru birt á samfélagsmiðlum Listasafns Reykjaneshæjar og hver skóli fær einnig sitt eigið myndband. Þá sá Súlan verkefnastofa um undirbúning þrautaleiks fjölskyldunnar með áherslu á útilistaverk í bænum í samstarfi við Skemmtigarðinn og



Lýðheilsufulltrúa Reykjanesbæjar. Leikurinn var spilaður í öllum hverfum Reykjanesbæjar með símann að vopni og hafði að markmiði að fjölskyldur gætu skemmt sér saman með góðri hreyfingu. Leikurinn tókst afar vel og verður endurtekinn á 17. júní.

### 5. Sjómannadagurinn í Reykjanesbæ (2020050591)

Sjómannadagurinn hefur verið haldinn hátíðlegur með dagskrá í Duushúsum, menningar- og listamiðstöð Reykjanesbæjar. Dagskráin er unnin í samstarfi nokkurra aðila og hefst með sjómamamessu sem haldin er til skiptis á vegum Keflavíkurkirkju og Njarðvíkurkirkju og í ár er hún haldin á vegum Njarðvíkurkirkju. **Sr. Brynja Vigdís Þorsteinsdóttir** messar. Eftir messuna verður kynning Byggðasafns Reykjanesbæjar á nýjum sýningum safnsins einkum sýningu um árabátatímamann í tilefni dagsins. Í lok dagskrár er lagður krans við minnismerki sjómanna við Hafnargötu fyrir tilstilli Vísis, félags skipstjórnarmanna á Suðurnesjum, Vélstjórafélags Suðurnesja og Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis.

Ráðið samþykkir dagskrána.

### 6. Hátíðardagskrá 17. júní 2020 (2020040098)

Drög að dagskrá lögð fram:

Kl. 12 Hátíðarguðþjónusta í Keflavíkurkirkju

Kl. 13 Hátíðardagskrá streymt úr skrudgarðinum í Keflavík:

Þjóðfáninn dreginn að húni: Inga María Ingvarsdóttir

Þjóðsöngur: Karlakór Keflavíkur

Setning: Jóhann Friðrik Friðriksson, forseti bæjarstjórnar

Ávarp fjallkonu

Ræða dagsins: Sveinbjörg Ólafsdóttir hjúkrunarfræðingur Heilbrigðisstofun Suðurnesja.

Dagskrá fyrir fjölskyldur:

Prautaleikur fjölskyldunnar í samstarfi Reykjanesbæjar og Skemmtigarðsins Hvatning til íbúa til að flagga og/eða setja fána út í glugga, gera sér glaðan dag. T.d. að skipuleggja götugrill/hverfisgrill eða leiki í hverfinu.

Kvölddagskrá fyrir ungmenni 5.-10.bekk í Fjörheimum: Ingó veðurguð með hljómsveit.

### 7. Ljósanótt 2020 (2020050590)

Undirbúningur fyrir Ljósanótt er í fullum gangi. Vel er fylgst með tilmælum og fyrirmælum yfirvalda og brugðist við eftir þörfum. Umfang hátíðarinnar mun taka mið af þeim.



## 8. Ársskýrsla Listasafns Reykjaneshæjar (2020040419)

Ársskýrslan lögð fram. Ráðið þakkar framkomna ársskýrslu og hrósar starfsmönnum fyrir greinagóða skýrslu. Samantekt úr skýrslunni:

- Listasafn Reykjaneshæjar er eina listasafnið á Suðurnesjum.
- Safnaukinn 2019 samanstóð af 90 verkum og er safneignin nú orðin 1166 verk.
- 20 sýningar settar upp á vegum safnsins á árinu. 5 í Listasal, 5 í Bíósal, 1 í Gryfjunni, 6 í Stofunni, 2 í Bátasal og 1 á Keflavíkurtúni.
- Listasafnið heldur úti vefsíðu reykjaneshajar.is/listasafn, fésbókarsíðu og instagramreikningi.
- Útgefnar voru fimm sýningarskrár.
- Safnkostur telst fullskráður. Öll verk hafa verið yfirfærð í Sarp sameiginlegan gagnagrunn fyrir listasöfnin í landinu.
- 1900 nemendur heimsóttu safnið.
- Listasafnið rak Listaskólann og hélt 2 sumarnámskeið fyrir 7-13 ára börn.
- Listasafnið stýrði verkefnum Listahátíð barna og Listaskóli barna.
- Fjórir fastráðnir starfsmenn eru við safnið í 3.20 stöðugildum, tveir lausráðnir í hlutastörfum og sex sem tóku að sér tímabundin verkefni.
- Gestum fækkaði á milli ára. Heildargestafjöldi var 25.268 sbr. 31.845 frá árinu áður.

## 9. Mælaborð Súlunnar (2020040101)

Mælaborð lagt fram.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10.20